

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1996

9. febrúar 1996

157

Nr. 90

AUGLÝSING

um að línuafli skuli að fullu reiknast til aflamarks.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 406, 20. júlí 1995, tilkynnir ráðuneytið, að línuafli, sem landað er eftir 15. febrúar 1996 til loka fiskveiðiárs, skuli að fullu reiknast til aflamarks fiskiskipa.

Sjávarútvegráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

9. febrúar 1996

Nr. 91

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo: Við útreikning á rúmtölum fiskiskipa vegna endurnýjunar, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands.

2. gr.

14. gr. orðist svo: Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi tveggja eða fleiri fiskiskipa til eins fiskiskips, enda megi ætla að afkastageta aukist ekki við skiptin. Miðað skal við að eitt skipanna sem veiðileyfi lætur sé a.m.k. 45% af rúmtölu þess skips sem veiðileyfi fær. Leyfileg rúmtala þess skips sem veiðileyfi fær skal miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er veiðileyfi látar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

B 12
Gutenberg

Endurprentað blað.